

## **Vinka með tánum**

Vinka með tánum, vinka með tánum,  
klappa með höndunum.  
Opna svo munninn, opna svo munninn  
loka svo augunum.  
Opna svo augun, opna svo augun,  
klappa með höndunum.  
Vinka með tánum, vinka með tánum,  
loka svo munninum.

## **Krummi krunkar úti**

Krummi krunkar úti,  
kallar á nafna sinn.  
Ég fann höfuð af hrúti,  
hrygg og gæru skinn.  
.:Komdu nú og kroppaður með mér  
krummi nafni minn.:.:

## **STÓRA BRÚIN**

Stóra brúin fer upp og niður  
upp og niður, upp og niður  
Stóra brúin fer upp og niður  
-allan daginn.

Bílarnir aka yfir brúna  
yfir brúna, yfir brúna  
bílarnir aka yfir brúna  
-allan daginn

Flugvélar fljúga yfir brúna.....  
Fólkið gengur yfir brúna.....  
Skipin sigla undir brúna.....

Stóra brúin fer upp og niður  
upp og niður, upp og niður  
Stóra brúin fer upp og niður  
-allan daginn.

## Hátt upp á fjalli...

Hátt upp á fjalli þar búa þrjú tröll:  
Tröllapabbi, tröllumamma og litli Trolli tröll.  
BÖÖHH!! segir pabbi tröll.  
Bööhh!! segir mamma tröll,  
en hann litli Trolli tröll,  
Sagdi ekki neitt

## KALLI LITLI KÖNGULÓ

Kalli litli könguló klifraði upp á topp.  
Þá kom regnið og og Kalli litli datt.  
Upp kom sólin og þerraði hans kropp  
og Kalli litli könguló klifraði upp á topp

## Ding Dong

Ding, dong, sagði lítill grænn froskur einn dag,  
ding, dong, sagði lítill grænn froskur.  
Ding, dong, sagði lítill grænn froskur einn dag,  
og svo líka ding, dong - spojojojjong!  
(Blikka augunum til skiptis)  
Mm, ðð, sagði lítil græn eðla einn dag,  
mm, ðð, sagði lítil græn eðla.  
Mm, ðð, sagði lítil græn eðla einn dag,  
og svo líka mm, ðð - bllrrllrrllrr!  
(Reka út úr sér tunguna)  
King, kong, sagði stór svartur api einn dag,  
king, kong, sagði stór svartur api.  
King, kong, sagði stór svartur api einn dag,  
og svo líka king, kong - gojojojjo!  
(Slá með hnefum í bringuna)

## **FISKALAGIÐ**

Hafið þið heyrt söguna um fiskana tvo  
sem ævi sína enduðu í netinu svo.  
þeir syntu, og syntu og syntu um allt.  
en mamma þeirra sagði  
”vatnið er kalt”

ba, ba, bú, bú, ba, ba, bú.  
en mamma þeirra sagði,  
“Vatnið er kalt”.

Einn fiskurinn hét Gunnar og annar Geir.  
þeir voru pínulitlir báðir tveir  
þeir syntu, og syntu og syntu um allt.  
en mamma þeirra sagði  
”vatnið er kalt”

ba, ba, bú, bú, ba, ba, bú.  
en mamma þeirra sagði,  
“Vatnið er kalt”.

## **Höfuð, herðar, hné og tær**

∴:Höfuð, herðar, hné og tær, hné og tær.∴:  
Augu, eyru, munnur og nef,  
höfuð, herðar, hné og tær, hné og tær.

∴:Hnakki, kinnar, haka, háls, haka, háls.∴:  
Bringa, magi, bak og rass,  
hnakki, kinnar, haka, háls, haka, háls.



# Aa

A, a, a, hvað amma er góð,  
afi er líka gæðablóð.  
Afi segir a, a, a,  
amma svarar: Ha?

Amma segir: Alli minn,  
Alli, þú ert besta skinn.  
Alli segir a, a, a,  
amma svarar: Tja.



# Mm

Músin mjúka  
má hún fá  
í magann sinn  
meiri ost, meiri ost?  
m, m, m, m, m, m.

Músin maular  
mjúkan ostinn.  
Má ég fá  
mjúkan ost, músarost.  
m, m, m, m, m, m?

